

HVERFISRÁÐ LAUGARDALS

Ár 2015, mánudaginn 24. ágúst kl. 15:30, var haldinn 131. fundur hverfisráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Síðumúla 39. Viðstödd voru: Heiðar Ingi Svansson, Kristín Elfa Guðnadóttir, Sandra Berg Cepero, Bjarni Jónsson, Björn Jón Bragason og Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir áheyrnafulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Lilja Sigrún Jónsdóttir frá Íbúasamtökum Laugardals, Eyrún Magnúsdóttir frá Ungmennaráði Laugardals, Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnastjóri þekkingarmiðstöðvar á PLH sem ritaði fundargerð. Gestur fundarins undir fyrsta dagskrárlið var Borghildur Sturludóttir, arkitekt á umhverfis- og skipulagssviði.

Þetta gerðist:

- 1) Borghildur Sturludóttir, arkitekt á umhverfis- og skipulagssviði kynnti stöðu mála varðandi Kirkjusandsreit og næstu skref.

Hverfisráðið fagnar frumkvæði USK um kynningu á málinu og að vera með í ráðum sem er í framhaldi af fyrri bókun ráðsins varðandi samráð. Jafnframt óskar ráðið eftir því að ávallt verði haft samráð við hverfisráð og íbúasamtök m.a. varðandi íbúafundi þar sem áætlanir eru kynntar.

- 2) Umsöng um drög að skýrslu stýrihóps um leiðakerfisbreytingar vegna alhliða samgöngumiðstöðvar á U-reit sem lögð var fram til umsagnar á júní fundi rædd. Frestur til að skila umsögninni er til næstu mánaðarmóta.

Hverfisráð ítrekar bókun sína frá síðasta fundi en þar kemur m.a. fram:

...“Hverfisráð telur að mun viðtækara samráðsferli þurfi að eiga sér stað áður en þessar breytingar eru afgreiddar og samþykktar. Sérstaklega varðandi yngstu og elstu notendurna. Þess vegna vill hverfisráð Laugardals koma þeirri ábendingu á framfæri að halda fund eða fundi með ungmennaráðum hverfanna, félagi eldri borgara og notendaráðum í félagsstafi aldraðra til að ræða þetta frekar og fá viðbrögð og athugasemdir. Þess vegna óskar hverfisráðið eftir því að fá lengri frest til að skila inn athugasemdum við þessar tillögur og í því sambandi væri hægt að halda fund eða fundi með þessum hópum í okkar hverfi í haust. Einnig gætum við staðið fyrir almennum íbúafundi þar sem þessar breytingar væru kynntar.“

Í ljósi samsetningar íbúa í Laugardal þar sem hlutfall aldraðra er yfir meðallagi miðað við Reykjavík í heild óskar ráðið mjög eindregið eftir virkara samráði við stýrihópinn um þessar leiðakerfisbreytingar. Haldinn verði fundur með hverfisráði, íbúasamtökum og helstu hagsmunaaðilum þar sem breytingarnar verði kynntar. Ungmennaráð Laugardals og Háaleitis hefur ekki fundað síðan í vor og er enn í sumarleyfi. Afstaða þess liggur því ekki fyrir frekar en notendaráða félagsmiðstöðva í hverfinu sem einnig voru í sumarleyfi.

- 3) Tillögur til borgarráðs um eflingu hverfisráða og hverfisþjónustu. Frestað til næsta fundar.
- 4) Umsögn hverfisráðs um skýrslu starfshóps um þjónustuveitingu Reykjavíkurborgar frá 30. júní 2015. Frestað til næsta fundar.
- 5) Eyrún kynnrir ungmennaráð Laugardals og Háaleitis.
- 6) Fulltrúi Íbúasamtakanna kynnti íbúamarkaðinn n.k. laugardag 29. ágúst.

- 7) Næstu fundir hverfisráðsins ákveðnar miðvikudaginn 16. september kl. 15.30, mánudaginn 19. október, 16. nóvember og 14. desember.

Fundi slitið kl. 18:00

Heiðar Ingi Svansson (Sign)

Sandra Berg Cepero (Sign)
Björn Jón Bragason (Sign)

Kristín Elfa Guðnadóttir (Sign)
Bjarni Jónsson (Sign)